

## Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni

### 1. Inngangur

ORCA Capital Partners ehf. (hér eftir Orca eða félagið) leggur áherslu á að viðskiptavinir félagsins séu upplýstir um með hvaða hætti félagið vinnur eftir regluverki sjálfbærra fjármála í starfsemi sinni.

Yfirlýsing þessi er gerð í samræmi við 3., 4. og 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“). Umrætt ákvæði krefur aðila á fjármálamarkaði um að upplýsa viðskiptavinum sínum um afstöðu þeirra til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingaráðgjöf sinni.

### 2. Yfirlýsing um mat á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunarferli

Sjálfbærniáhætta getur haft neikvæð áhrif á virði og ávöxtun fjárfestinga og markmið félagsins er að lágmarka þessa áhættu. Með sjálfbærniáhættu er átt við umhverfis-, félags eða stjórnarháttu atburð eða ástand sem, ef það á sér stað, gæti valdið raunverulegum eða hugsanlegum verulegum neikvæðum áhrifum á verðmæti fjárfestinga.

Sjálfbærniáhætta er metin áður en fjárfestingarákvörðun er tekin að því marki sem traustar upplýsingar frá útgefendum fjármálagerninga eru aðgengilegar við ákvarðanatöku. Þegar haldbærar upplýsingar um sjálfbærniáhættu liggja fyrir leitast félagið við að framkvæma greiningu á því hvernig sjálfbærniáhætta getur haft áhrif á virði eða ávöxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni. Mat á áhrifum sjálfbærniáhættu á virði eða ávöxtun fjárfestingar getur verið borin saman við fjárfestingarstefnu eða fjárfestingarmarkmið áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin.

Sjálfbærniáhætta þarf ekki að koma í veg fyrir fjárfestingu í fjármálagerningi með slíka áhættu. Viðeigandi ráðstafanir vegna óásættanlegrar sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosts eru breytilegar eftir atvikum og eðli áhættunnar. Á meðal þeirra ráðstafana sem félagið getur gripið til er að fjárfesta ekki í vöru, minnka vægi vörunnar í eignasafni, eiga viðræður við útgefendur, veita útgefendum aðstoð við að lágmarka áhættu, beita virku eignarhaldi til að tryggja að gripið verði til tilhlýðilegra ráðstafana, o.fl.

Orca leitast við að fjárfesta í fjármálagerningum fyrirtækja sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi og taka virkan þátt í þróun á sjálfbærum fjármálaafurðum án þess að það birni á framtíðarávöxtun.

### 3. Yfirlýsing um neikvæð áhrif fjárfestingarákvörðana á sjálfbærniþætti (e. PAI)

Orca tekur ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvörðana sinna á sjálfbærni að svo stöddu. Félagið telur sig ekki geta framkvæmt hæfilegt mat á neikvæðum áhrifum fjárfestinga sinna á sjálfbærniþætti á meðan ófjárhagslegar upplýsingar frá félögum eru enn af skornum skammti, auk þess sem þær upplýsingar sem eru fyrir hendi eru ekki samræmdar og gæði þeirra oft á tíðum ófullnægjandi. Orca er lítið félag með fá starfsgildi og hefur, eins og sakir standa, ekki bolmagn til þess að leggja sjálfstætt mat á neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti með viðhlítandi hætti.

Orca hyggst taka tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvörðana á sjálfbærniþætti þegar það verður víðráðanlegt og raunhæft fyrir félagið, að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs starfseminnar, og afstaða Orca hvað þetta snertir verður reglulega endurskoðuð.

**4. Gagnsæi starfskjarastefnu í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í stefnuna**

Starfskjarastefna Orca er liður í að gæta hagsmuna viðskiptavina félagsins, langtímahagsmuna hluthafa félagsins, starfsmanna félagsins og annarra hagsmunaaðila með skipulögðum og gagnsæjum hætti.

Í starfskjarastefnu Orca er gætt að því að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku, heldur hvetji til þess að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi og heilbrigður rekstur félagsins sé þannig sem best tryggður. Starfskjarastefnan miðar að því að stefna, gildi, sjálfbærni, menning félagsins og langtímasjónarmið hluthafa Orca og annarra haghafa haldist í hendur.

Starfskjarastefnu félagsins er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti og þar með draga úr sjálfbærniáhættu.

Félagið telur að sjálfbærni sjónarmið, þ.e. áhersla á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti, sé mikilvæg forsenda þess að fyrirtæki stuðli að sjálfbærni og geti skilað góðri afkomu til langs tíma.

13. febrúar 2025